

Tillaga að breytingu á lögum HRFÍ

Lagt er til að við lög HRFÍ bætist ný grein um umboðsmann félagsmanna og verði svohljóðandi:

30. gr.

Umboðsmaður félagsmanna er skipaður af stjórn til tveggja ára í senn.

Hlutverk umboðsmanns félagsmanna er að gæta að rétti félagsmanna samkvæmt lögum HRFÍ og grundvallarreglum fyrir félagsmenn í Hundaræktarfélagi Íslands (HRFÍ).

Umboðsmaður tekur við ábendingum eða tekur mál upp að eigin frumkvæði, telji hann tilefni til. Umboðsmanni ber að gæta nafnleyndar þeirra sem til hans leita, sé þess óskað.

Ef umboðsmaður telur tilefni til á hann samskipti við þann félagsmann eða fulltrúa stjórnarstofnunar félagsins sem hann telur hafa gengið á rétt félagsmanns. Ef brot er alvarlegt eða ítrekað, er umboðsmanni heimilt að kæra félagsmann til siðanefndar HRFÍ. Kemur umboðsmaður fram við meðferð máls hjá siðanefnd enda nýtur sá er til hans leitar nafnleyndar.

Greinargerð

Í ákvæðinu felast nýmæli um skipun umboðsmanns félagsmanna sem skal skipaður til tveggja ára í senn. Hlutverk hans eins og segir í ákvæðinu er að vera hagsmunagæsluadili allra félagsmanna og standa vörð um að ekki sé gengið á rétt þeirra sem varinn er í lögum HRFÍ og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Umboðsmaður getur hvort sem er tekið við ábendingum frá félagsmanni ellegar getur hann aðhafst af eigin frumkvæði ef hann telur ástæðu til. Umboðsmaður hefur það á sinni hendi hvort hann fylgir ábendingu eftir eða ekki. Telji umboðsmaður ekki ástæðu til íhlutunar af sinni hálfu aðhefst hann ekki frekar. Ekki er til þess ætlast að Umboðsmaður þurfi að rökstyðja þá ákvörðun.

Með aukinni netnotkun félagsins og deilda þess og aukinni umræðu félagsmanna á samfélagsmiðlum hefur færst í vöxt að þar séu viðhöfð meiðandi ummæli og gagnrýni sem er andstæð lögum og reglum félagsins. Þannig er svo dæmi sé tekið lagt við því bann í 1.2. gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn að félagsmenn tjái sig meiðandi um aðra félagsmenn. Á síðum félagsins á sér oft stað snörp og hörð umræða. Getur hún orðið meiðandi og særandi þannig að brotið er gróflega á fyrrgreindri grundvallarreglu og réttindum félagsmanna. Stjórn þykir nauðsynlegt að vernda rétt félagsmanna og telur skipun Umboðsmanns sem hefur það almenna hlutverk að gæta réttar félagsmanna gagnlega í þeim heimi sem við búum í og þeirri umræðuhefð sem viðgengst á vefmiðlum. Þess utan er það von stjórnar að skipun slíks Umboðsmanns hafi fyrirbyggjandi áhrif þannig að tilvist hans verði til þess að félagsmenn gæti orða sinna og aðgerða og taki í auknum mæli tillits til hvers annars og viðhafi ekki meiðandi ummæli um aðra félagsmenn.

Telji Umboðsmaður tilefni til íhlutunar getur hann rætt við viðkomandi og veitt honum tiltal og tækifæri að bregðast við ábendingum hans. Umboðsmaður getur líka sett fram ábendingar

til stjórnar, skrifstofu eða deilda og óskað eftir að þeir sem hafa umsjón með vefsíðum fjarlægi ummæli finnist honum ástæða til. Er hugsunin að Umboðsmaður reyni alltaf að leysa mál á farsælan hátt og með samtali áður en hann hlutast frekar um mál.

Ef félagsmaður bregst ekki við slíku tiltali, ellegar brot er alvarlegt eða ítrekað, er Umboðsmanni heimilt að kæra félagsmann til siðanefndar félagsins. Við meðferð slíks máls kemur umboðsmaður fram fyrir hönd þess eða þeirra aðila sem hann telur rétt brotinn á, enda gæta þeir nafnleyndar.

Það skal áréttað að Umboðsmaður fer ekki með agavald innan félagsins enda hefur siðanefnd eitt vald til að úrskurða um hvort um sé að ræða brot og beita viðurlögum samkvæmt 27. gr og 28. gr. laga HRFÍ. Þegar Umboðsmaður kærir mál verður hann aðili að málinu sem kærandi.